


Skipulag og framkvæmdaleyfi



Tálknafjarðarhreppur

Miðtúni 1
460 Tálknafirði
Sími 456 2539
Fax 456 2589

<http://www.talknafjordur.is>

Leyfisveitendur

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.



Hagnýtar
upplýsingar

UPPLÝSINGAR

- ✓ Framkvæmdaleyfi er leyfi sveitarstjórnar til meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess
- ✓ Framkvæmdaleyfi skal ávallt vera í samræmi við skipulag
- ✓ Álit Skipulagsstofnunar þarf að liggja fyrir áður en gefið er út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- ✓ Framkvæmdaleyfi gildir í 12 mánuði frá samþykki sveitastjórnar



Tálknafjarðarhreppur

Miðtúni 1
460 Tálknafirði
Sími 456 2539
Fax 456 2589

<http://www.talknafjordur.is>

FRAMKVÆMDALEYFI

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku og framkvæmdir sem falla undir undir I. og II. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu enda sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.

Leiki vafi á því hvort framkvæmd sé háð framkvæmdaleyfi, er umsækjanda um framkvæmdarleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn heimilt að leita ákvörðunar úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál, þar að lútandi.

GÖGN VEGNA UMSÓKNAR

Yfirlitsuppráttur í mælikvarða 1:50.000 - 1:5.000, eftir því sem við á og þar sem fram koma mörk framkvæmdasvæðis, tenging þess við þjóðveg, hæðarlínur og mannvirki sem fyrir eru á svæðinu.

Afstöðuuppráttur í mælikvarða 1:2000 - 1:1.000, ef við á, sem sýnir nánari útfærslu mannvirkja. Huga þarf að skipulagsskilmálum í gildandi deiliskipulagi.

Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum og mati á umhverfisáhrifum.

Önnur gögn og upplýsingar sem skipulagsnefnd óskar eftir og telur nauðsynleg til að afgreiða umsóknina.

FRAMKVÆMDIR HÁÐAR LEYFI

- ✓ Nýir vegir og enduruppbygging vega, stígar, brýr í dreifbýli, þ.m.t. umferðar- og göngubrýr, umferðarbrýr í þéttbýli, jarðgöng, vegskálar, flugvellir og flugbrautir, hafnarmannvirki
- ✓ Efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga, stíflur eða breytingar á árfarvegi, þó ekki stíflur vegna virkjana, borun eftir heitu eða köldu vatni, varnargarðar eða fyrirhleðslur vegna ár-, sjó- eða ofanflóða, stofn-, dreifi- og

flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta, rafveitna og verulegar breytingar á slíkum mannvirkjum.

- ✓ Breytingar lands með jarðvegi svo sem efnislosun, landmótun (t.d. manir), urðunarstaðir, nýræktun skóga, hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg eða skógareyðing, uppgræðsla lands á verndarsvæðum, landfyllingar, endurheimt votlendis, framræsing lands.
- ✓ Framkvæmdir á skíðasvæðum, tjaldsvæðum, golfvöllum og öðrum svæðum til íþróttaiðkunar og framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað, þó ekki þeim hluta slíkra framkvæmda sem háð eru byggingarleyfi skv. 9. gr. laga um mannvirki.

FRAMKVÆMDIR SEM TELJAST ÓVERULEGAR ERU EKKI HÁÐAR FRAMKVÆMDALEYFI EN GETA ÞÓ VERIÐ SKIPULAGSSKYLDAR

Með óverulegri framkvæmd er átt við framkvæmd sem hefur óveruleg áhrif á umhverfið og ásýnd þess. Framkvæmdir sem teljast óverulegar eru til dæmis: trjárækt á frístundahúsalóðum innan frístundabyggðar, óveruleg tilfærsla á veitumannvirkjum og óveruleg frávik á

framkvæmdum sem þegar hafa fengið útgefið framkvæmdaleyfi og falla ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar.

Framkvæmdaleyfi skal vera gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags, ef í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á.